

REGLUGERÐ

um mat á vegnum fjármagnskostnaði sem viðmið um leyfða arðsemi við ákvörðun tekjumarka sérleyfisfyrirtækja í flutningi og dreifingu á raforku.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til flutningsfyrirtækis og dreifiveitna sem falla undir gildissvið raforkulaga nr. 65/2003, með síðari breytingum.

Í reglugerð þessari er kveðið á um á hvern hátt skuli reiknaður veginn fjármagnskostnaður skv. 2. tölul. 3. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 3. mgr. 17. gr. raforkulaga.

2. gr.

Veginn fjármagnskostnaður.

Veginn fjármagnskostnaður er í þessari reglugerð skilgreindur sem vengið meðaltal arðsemiskröfu til eigin fjár umfram almennar verðbreytingar og raunvexti af lánum eftir skatt. Eftirfarandi formúla lýsir útreikningi vegins fjármagnskostnaðar eftir skatt að teknu tilliti til skattspörunar vegna skuldsetningar:

$$\begin{aligned} WACC &= er_E + dr_D(1 - T_s) \\ r_E &= r_f + \beta_E s_M + s_L \\ r_D &= r_f + s_D \end{aligned}$$

þar sem WACC stendur fyrir veginn fjármagnskostnað sem árleg hlutfallstala eftir skatt, e stendur fyrir viðmið um eiginfjárhlutfall, d stendur fyrir viðmið um skuldahlutfall, T_s stendur fyrir tekjuskattshlutfall viðkomandi félagaforms, r_E stendur fyrir ávöxtunarkröfu eigin fjár, r_D stendur fyrir raunvexti af lánum, r_f stendur fyrir grunnvexti (raungildi), β_E stendur fyrir beta-gildi hlutafjár fyrirtækisins, s_D stendur fyrir vaxtaálag skulda fyrirtækisins, s_M stendur fyrir áhættuálag markaðar og s_L stendur fyrir sérstakt áhættuálag.

3. gr.

Grunnvextir.

Grunnvextir í íslenskum krónum eru skilgreindir sem ávöxtunarkrafa 10 ára verðtryggðar skuldabréfavisitölu Nasdaq OMX Iceland sem hefur auðkennið OMXI10YI. Grundvöllur þeirrar vísitölu eru ríkistryggð skuldabréf. Nota skal 10 ára hlaupandi meðaltal þessarar ávöxtunarkröfu, með tveggja ára töf, reiknað á grundvelli mánaðarlegra gagna, þar sem miðað er við lokagildi hvers mánaðar.

Grunnvextir í Bandaríkjadöllum eru ákvarðaðir á grundvelli samtölu 10 ára viðmiðs ávöxtunarkröfu bandarískra ríkisskuldabréfa (e. 10 y US TIPS) og 10 ára áhættuálags ríkissjóðs Íslands að fráðregnu 10 ára áhættuálagi ríkissjóðs Bandaríkjanna. Miða skal við upplýsingar um skuldatryggingarálag til 10 ára (e. 10 y CDS) sem fengnar eru frá viðurkenndri gagnaveitu.

Nota skal 10 ára hlaupandi meðaltal þessarar samtölu, með tveggja ára töf, reiknað á grundvelli mánaðarlegra gagna, þar sem miðað er við lokagildi hvers mánaðar.

Grunnvextir eru ákvarðaðir árlega af Orkustofnun, sbr. 8. gr.

4. gr.

Gildi til ákvörðunar á vegnum fjármagnskostnaði dreifiveitna.

Veginn fjármagnskostnaður dreifiveitna ákvarðast af eftirfarandi gildum og er reiknaður samkvæmt WACC formúlunni, sem sett er fram í 2. gr.:

Viðmið um eiginfjárhlutfall	e	55%
Viðmið um skuldahlutfall	d	45%
Beta-gildi hlutafjár	β_E	0,74
Vaxtaálag	s_D	1,0%
Áhættuálag markaðar	s_M	5,2%
Sérstakt áhættuálag	s_L	1,0%

Miða skal við grunnvexti r_f í íslenskum krónum, sbr. 1. mgr. 3. gr., og tekjuskattshlutfall T_S sem ákvarðað er á grundvelli 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

5. gr.

Gildi til ákvörðunar á vegnum fjármagnskostnaði flutningsfyrirtækis vegna flutnings til dreifiveitna og stórnotenda.

- a. Veginn fjármagnskostnaður flutningsfyrirtækis vegna flutnings til dreifiveitna ákvarðast af eftirfarandi gildum, sbr. 2. gr.:

Viðmið um eiginfjárlutfall	e	50%
Viðmið um skuldahlutfall	d	50%
Beta-gildi hlutafjár	β_E	0,81
Vaxtaálag	s_D	1,0%
Áhættuálag markaðar	s_M	5,2%
Sérstakt áhættuálag	s_L	1,0%

Miða skal við grunnvexti r_f í íslenskum krónum, sbr. 1. mgr. 3. gr., og tekjuskattshlutfall T_S sem ákvarðað er á grundvelli 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

- b. Veginn fjármagnskostnaður flutningsfyrirtækis vegna flutnings til stórnotenda ákvarðast af eftirfarandi gildum, sbr. 2. gr.:

Viðmið um eiginfjárlutfall	e	50%	
Viðmið um skuldahlutfall	d	50%	
Beta-gildi hlutafjár	β_E	0,81	
Vaxtaálag	s_D	1,0%	
Áhættuálag markaðar	s_M	5,2%	
Sérstakt áhættuálag	s_L	1,0%	

Miða skal við grunnvexti r_f í Bandaríkjadöllum, sbr. 2. mgr. 3. gr. og tekjuskattshlutfall T_S sem ákvarðað er á grundvelli 71. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

6. gr.

Samhengi fjármagnskostnaðar og tekjumarka.

Samhengi fjármagnskostnaðar og tekjumarka er lýst sem hér segir:

- a. Tekjumörk flutningsfyrirtækis skv. eftirfarandi formúlu:

$$M = K + F + \frac{WACC \cdot A}{(1 - T_S)}$$

þar sem M stendur fyrir fjárhæð tekjumarka, K stendur fyrir settan rekstrarkostnað, T_S er tekjuskattshlutfall viðkomandi félagaforms, F stendur fyrir afskriftir og A stendur fyrir brúttóeignagrunn, þ.e. bókfært virði fastafjármuna auk 20% af tekjumörkum síðasta árs.

- b. Tekjumörk dreifiveitna skv. eftirfarandi formúlu:

$$M = K + F + P + D + \frac{WACC \cdot A}{(1 - T_S)}$$

þar sem M stendur fyrir fjárhæð tekjumarka, K stendur fyrir settan rekstrarkostnað, F stendur fyrir afskriftir, P stendur fyrir kostnað vegna orkutaps, T_S er tekjuskattshlutfall viðkomandi félagaforms, D stendur fyrir flutningskostnað og A stendur fyrir brúttóeignagrunn, þ.e. bókfært virði fastafjármuna auk 20% af tekjumörkum síðasta árs.

7. gr.

Endurskoðun fastra matsbreytna.

Orkustofnun getur, að fengnu álitum sérfróðra aðila og að höfðu samráði við hagsmunaaðila, sbr. 3. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 17. gr. raforkulaga, lagt fram tillögu til ráðherra um endurskoðun fastra matsbreytna samkvæmt reglugerð þessari ef stofnunin telur tilefni til þess, s.s. vegna sérstakra aðstæðna á markaði.

Sérfróðir aðilar skv. 1. mgr. eru tilnefndir af Orkustofnun og skulu þeir hafa sérfræðipækkingu á sviði fjármála og fjármagnskostnaðar.

Með hagsmunaaðilum skv. 1. mgr. er átt við framleiðendur raforku, neytendur, stórnóttendur, dreifiveitur og flutningsfyrirtækið.

Orkustofnun getur að eigin frumkvæði eða að beiðni hagsmunaaðila boðað til samráðsfundar með hagsmunaaðilum og hinum sérfróðu aðilum. Samráðsfundir skulu haldnir eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Fari hagsmunaaðili fram á slíkan fund, skal beiðni þess efnis lögð fram fyrir 1. febrúar á viðkomandi almanaksári.

8. gr.

Árleg ákvörðun um veginn fjármagnskostnað.

Orkustofnun skal taka ákvörðun um grunnvexti næsta almanaksárs fyrir 15. maí, byggða á forsendum um grunnvexti, skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. Ákvörðun grunnvaxta leiðir af sér nýja ákvörðun um veginn fjármagnskostnað.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í þeim tilvikum þar sem flutningsfyrirtæki eða dreifiveita er með lán á föstum vöxtum sem hafa eftirstöðvar til lengri tíma en 5 ára og lánakjör sem eru meira en hálfri prósentu yfir þeim raunvöxtum af lánum, r_D , sbr. 2. gr., er heimilt að leiðrétta veginn fjármagnskostnað m.t.t. helmings viðbótarfjármagnskostnaðar sem af því hlýst. Mat á viðbótarfjármagnskostnaði skal unnið af Orkustofnun í tengslum við uppgjör tekjumarka. Heimild þessi gildir til loka árs 2020 og á við um lán sem tekin voru fyrir 1. júlí 2012.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal Orkustofnun taka ákvörðun um grunnvexti vegna ársins 2016 eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. og 8. gr. skal, á árunum 2016-2024, reikna grunnvexti með eftirfarandi hætti:

Grunnvextir fyrir árið 2016: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2005 til 2014}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árið 2014})$.

Grunnvextir fyrir árið 2017: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2006 til 2015}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2015})$.

Grunnvextir fyrir árið 2018: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2007 til 2016}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2016})$.

Grunnvextir fyrir árið 2019: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2008 til 2017}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2017})$.

Grunnvextir fyrir árið 2020: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2009 til 2018}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2018})$.

Grunnvextir fyrir árið 2021: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2010 til 2019}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2019})$.

Grunnvextir fyrir árið 2022: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2011 til 2020}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2020})$.

Grunnvextir fyrir árið 2023: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2012 til 2021}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2021})$.

Grunnvextir fyrir árið 2024: $\frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2013 til 2022}) + \frac{1}{2} * (\text{meðaltal lokagilda hvers mánaðar árin 2014-2022})$.

10. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 8. mgr. 12. gr. og 8. mgr. 17. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.